

STAFRÆNT RÁÐ

Ár 2024, miðvikudaginn 15. maí, var haldinn 39. fundur stafræns ráðs. Fundurinn var haldinn á Lækjartorgi og hófst kl. 12:00. Eftirtalin voru komin til fundar í gróðurhúsinu: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Björn Gíslason, Friðjón R. Friðjónsson, Kristinn Jón Ólafsson og Skúli Helgason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar J. Sandholt, ásamt gestum. Fundarritari var Eva Pandora Baldursdóttir.

Þetta gerðist:

- Alexandra Briem, formaður stafræns ráðs, fjallar um hvernig Reykjavíkurborg getur stutt við nýsköpunarumhverfið og eftir innri nýsköpun í borginni. Einnig fjallar hún um þann ávinning sem náðst hefur með stafrænni umbreytingu borgarinnar og þau tækifæri sem framundan eru. ÞON23090021.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa ánægju með þátttöku Reykjavíkurborgar í nýsköpunarviku. Öflugt og skapandi atvinnulíf er hornsteinn velferðar og þjónustu Reykjavíkurborgar. Öflugasti stuðningur borgarinnar væri samt sá að leita enn frekar til fyrirtækjanna í borginni en að reyna að leysa málin innanhúss og með ráðningum. Þar gildir einu hvort það sé gert undir merkjum nýsköpunar eða almennrar þjónustu.

- Fram fara umræður við gesti. ÞON2309002.
- kl. 12:57 vikur Aðalsteinn Haukur Sverrisson af fundinum.

Fundi slitið kl. 13:00

Alexandra Briem

Andrea Jóhanna Helgadóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Skúli Helgason

Björn Gíslason
Kristinn Jón Ólafsson